

FRÁSÖGN

af janúarfundum Norðurlandaráðs í Reykjavík 21.-22. janúar 2019

Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundinn þau Oddný G. Harðardóttir, starfandi formaður, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Steinunn Þóra Árnadóttir, Anna Kolbrún Árnadóttir, Vilhjálmur Árnason og Guðmundur Ingi Kristinsson, auk Helga Þorsteinssonar ritara. Einnig komu á fundina Sigurður Ingi Jóhannsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Janúarfundir Norðurlandaráðs voru að þessu sinni haldnir á Grand hótél í Reykjavík.

Á fundi forsætisnefndar var samþykkt tillaga flokkahóps miðjumanna um að Guðmundur Ingi Kristinsson, þingflokki Flokks fólksins, tæki sæti í velferðarnefnd og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs.

Sigurður Ingi Jóhannsson kom á fund forsætisnefndar fyrir hönd norrænu samstarfsráðherranna til að ræða fjárhagsáætlun norræns samstarfs fyrir árið 2020. Hann sagði frá því að ráðgert væri að halda fjárhagsrammanum óbreyttum milli ára, að stefnt væri að því að færa um 30 milljónir danskra króna milli málaflokka og að unnið væri að því að gera fjárhagsáætlunina sveigjanlegri. Norræna ráðherranefndin hefur skilgreint þrjú áherslusvið fyrir árið 2020; stafræna þróun, frjálsa för og alþjóðlega markaðssetningu. Sænski þingmaðurinn Jessica Polfjärd, sem er forseti Norðurlandaráðs árið 2019, sagði þá frá megináherslum Norðurlandaráðs varðandi fjárhagsáætlunina, en þær eru að ryðja burt stjórnsýsluhindrunum, vinna gegn lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum, málefni sem snerta tungumál og vefinn Norðurlönd í skólanum, stafræna þróun og starfsréttindi. Í umræðum um fjárhagsáætlunina lögðu forsætisnefndarmenn mikla áherslu á stjórnsýsluhindranir. Britt Lundberg, þingmaður frá Álandseyjum og fyrrverandi forseti Norðurlandaráðs, sagðist hafa miklar áhyggjur af þróun mála varðandi frjálsa för milli landanna. Norski þingmaðurinn Martin Kolberg tók undir orð hennar og sagði að stundum stæði Norræna ráðherranefndin í veginum þegar Norðurlandaráð reyndi að ryðja burt stjórnsýsluhindrunum.

Töluverð umræða varð á fundi forsætisnefndar um tillögu flokkahóps norrænna vinstri grænna um að gera starfsemi Norðurlandaráðs kolefnishlutlausu. Ákveðið var að láta skrifstofu Norðurlandaráðs kanna tæknilega þætti og mögulegar lausnir.

Um þessar mundir er verið að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi verðlauna Norðurlandaráðs. Lilja Alfreðsdóttir kom á fund forsætisnefndar fyrir hönd menntamálaráðherra Norðurlanda, meðal annars til að ræða þau mál. Forsætisnefndin hefur haft til meðferðar tillögu flokkahóps miðjumanna um að Norðurlandaráð veiti framvegis sérstök sjónvarpsverðlaun. Tillagan var upprunalega lögð fram árið 2015 að frumkvæði Íslendinga en hefur verið rædd ítrekað síðan á vettvangi Norðurlandaráðs. Lilja sagði að norrænu menntamálaráðherrarnir teldu ekki ástæðu til að fjölga verðlaununum. Forsætisnefndarmenn voru henni sammála, en sumir þeirra nefndu að skoða mætti að afnema önnur verðlaun eða breyta fyrirkomulaginu þannig að sum verðlaunanna yrðu aðeins veitt annað hvert ár.

Á fundi forsætisnefndarinnar með Lilju Alfreðsdóttur var einnig rætt um fjárframlög til fimm norrænna rannsóknastofnana, þar á meðal Norræna eldfjallasetursins. Norrænu menntamálaráðherrarnir ákváðu í janúar 2018 að fella niður fastar fjárveitingar til stofnananna. Á vorþingi 2018 kom í ljós að andstaða var við þessi áform, einkum í hópi

Íslenskra þingmanna. Í kjölfarið voru áformin tekin til endurskoðunar. Sérstakur samningamaður, Svíinn Peter Stenlund, vinnur nú að tillögu um fjármögnun og skipulag stofnananna til framtíðar.

Næst kemur Norðurlandaráð saman á vorþingi 8.-9. apríl í Kaupmannahöfn. Haustþingið verður haldið 28.-31. október í Stokkhólmi. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.norden.org.